

Fimmtudaginn 4. júní 1998.

Nr. 320/1997. **Svavar Jón Gunnarsson**

(Helgi Birgisson hrl.)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf. og

Haraldi Dean Nelson

(Hákon Árnason hrl.)

Skaðabætur. Líkamstjón. Örorka. Vextir. Innheimtulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1997. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 3.491.680 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. september 1996 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess aðallega, að héraðsdómur verði staðfestur, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar. Þeir krefjast einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi lækkað kröfu vegna tímabundinnar örorku um 35.000 krónur vegna launa, sem hann aflaði í febrúar 1996. Hefur hann af þeim sökum einnig lækkað þann lið kröfunnar, sem er vegna tapaðra lífeyrisréttinda, um 2.100 krónur, en aðrir kröfuliðir eru óbreyttir. Endanleg krafa áfrýjanda er eftir þetta 3.491.680 krónur og skiptist þannig, að 2.939.017 krónur eru fyrir tímabundna örorku, sem hann telur enn óbætta, 347.370 krónur vegna 6% framlags vinnuveitanda í lífeyrissjóð, 38.547 krónur vegna vangreiddra vaxta og 166.746 krónur, sem hann telur, að skorti á, að lögmannspóknun hafi réttilega verið gerð upp.

II.

Kröfu um greiðslu fyrir tímabundið atvinnutjón reisir áfrýjandi á 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Eigi hér við það ákvæði í 1. mgr. hennar, að bætur fyrir slíkt tjón skuli greiða fyrir tímann, frá því að tjón varð, þar til ekki sé að vænta frekari bata. Síðargreinda tíma-

markið eigi að miða við lok júlí 1996, en fyrr í þeim mánuði hafi hann gengist undir aðgerð, þar sem málmfestingar voru fjarlægðar úr vinstri handlegg hans, sem brotnaði illa í slysi 17. ágúst 1994. Kveður hann líðan sína hafa batnað í kjölfar aðgerðarinnar, og beri að miða við hana við afmörkun þess tímabils, sem um ræðir. Stefndu telja hins vegar, að niðurstaða örorkunefndar, sem starfar samkvæmt 10. gr. skaðabótalaga, hljóti að ráða um þetta, en í álitsgerð hennar um örorku áfrýjanda 30. júlí 1996 segi, að eftir 1. september 1995 hafi þess ekki verið að vænta, að áfrýjandi fengi frekari bata, sem máli skipti, af völdum slyssins.

Í þessari álitsgerð eru tilgreind þau gögn, sem nefndin studdist við, er hún var samin. Meðal gagna, sem upp eru talin, er ekki að finna vottorð Jóns Ingvars Ragnarssonar lækni, sem dagsett er 26. maí 1996. Er í því lýst heilsufari áfrýjanda og þörf á aðgerð til að fjarlægja málmfestingar í handlegg hans, sem nauðsynlegar voru til stuðnings, meðan brotin voru að gróa. Annað ýtarlegt vottorð sama lækni 17. október 1996 hefur verið lagt fram í málinu, en þar er meðal annars lýst árangri af umræddri aðgerð. Kemur fram, að læknihrinn hafi talið, að óþægindi áfrýjanda hafi að hluta til stafað af málmfestingum þeim, sem síðar voru fjarlægðar. Telji áfrýjandi, að aðgerðin hafi orðið sér til bóta. Tekur læknihrinn undir, að áfrýjandi hafi haft af þessu nokkurn bata, en getur þess meðal annars, að ekki sé unnt að segja, að stórstígar framfarir hafi orðið á heilsu hans síðustu tólf mánuði.

Samkvæmt þessu hafði örorkunefnd ekki undir höndum allar nauðsynlegar lækniþræðilegar upplýsingar, er álits hennar var aflað. Nýtt álit hennar var ekki fengið, eftir að síðara lækniþvottorðið var ritað. Verða framangreind tvö vottorð ásamt öðrum gögnum lögð til grundvallar dómi um það, hvenær ekki var að vænta frekari bata hjá áfrýjanda. Að þeim virtum verður fallist á, að í því efni beri að miða við lok júlí 1996, eins og áfrýjandi krefst. Krafa áfrýjanda hefur ekki verið tölulega vefengd, og verður þessi liður hennar tekinn til greina með þeirri fjárhæð, sem getur í I. kafla að framan.

III.

Við munnlegan flutning málsins í héraði féllust stefndu á, að þeim væri skylt að greiða tjón vegna 6% framlags vinnuveitanda í

lífeyrissjóð fyrir tímabundinn tekjumissi „af réttri fjárhæð“. Með því að fallist er á kröfu áfrýjanda um tímabundið tekjutjón samkvæmt framanröktu, verða stefndu einnig dæmdir til að greiða þennan lið kröfu hans með þeirri fjárhæð, sem hann krefst.

Krafa um vangreidda vexti er studd við 16. gr. skaðabótalaga. Stefndu hafa, svo sem áður getur, vanefnt skyldu til að greiða hluta tjóns áfrýjanda fyrir tímabundna örorku. Slíkar bætur bera ekki vexti samkvæmt nefndri lagagrein, en geta gert það eftir ákvæðum 7. gr. eða III. kafla vaxtalaga. Verður þessi kröfufliður áfrýjanda samkvæmt því ekki tekinn til greina.

Áfrýjandi krefur stefndu loks um hluta lögmannspóknunar, sem hann telur vangreiddan. Er því lýst, að krafan sé í samræmi við gjaldskrá lögmanns áfrýjanda. Stefndu hafa ekki skýrt, við hvað þeir hafi miðað, er þeir greiddu hluta þeirrar innheimtuþóknunar, sem krafist var. Þeir hafa ekki heldur haldið því fram í málinu, að þóknun samkvæmt gjaldskrá lögmanns áfrýjanda sé óeðlileg. Verður þessi liður í kröfu áfrýjanda að þessu virtu tekinn til greina.

Samkvæmt framanröktu verður stefndu gert að greiða alla liði í kröfugerð áfrýjanda að frátalinni kröfu um vangreidda vexti, 3.453.133 krónur. Verða þeir dæmdir til að greiða dráttarvexti af þeirri fjárhæð, svo sem í dómsorði greinir. Jafnframt verður þeim gert að greiða málskostnað, sem er ákveðinn í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Vátryggingafélag Íslands hf. og Haraldur Dean Nelson, greiði óskipt áfrýjanda, Svavari Jóni Gunnarssyni, 3.453.133 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. september 1996 til greiðsludags.

Stefndu greiði áfrýjanda óskipt 350.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. júní 1997.

Ár 1997, fimmtudag 19. júní, er í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli nr. E-58/1997: Svavar Jón Gunnarsson gegn Vátryggingafélagi Íslands hf. og Haraldi Dean Nelson, kveðinn upp dómur þessi.

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 3. janúar 1997, og dómtekið 21. fyrri mánaðar.

Stefnandi er Svavar Jón Gunnarsson, kt. 111158-3399, Brekkugötu 17, Ólafsfirði.

Stefndu eru Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690682-2009, Ármúla 3, Reykjavík, og Haraldur Dean Nelson, kt. 240665-5579, Hringbraut 30, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu 3.528.780 króna ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. september 1996 til greiðsludags og málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti.

Stefndu krefjast þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði stórlækkaðar. Jafnframt krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

2. 17. ágúst 1994 hlaut stefnandi fjöláverka, þ. á m. slæmt brot á vinstri framhandlegg, við það, að bifreið stefnda Haralds Dean Nelson, var ekið á bifreið hans. Gert var að sárum hans á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, og dvaldist hann þar frá 18.–28. ágúst 1994, en eftir það heima. Gera þurfti nýja aðgerð á FSA vegna brotsins 2. mars 1995, og var það talið gróið í júlí sama ár. Áverki á framhandlegg var meðhöndlaður af Jóni Ingvari Ragnarssyni bæklunarlækni.

Eftir slysið hefur stefnandi ekki verið fær um að taka upp fyrri starfa sinn sem háseti á fiskiskipum. Bifreið stefnda, Haralds Dean Nelson, var skyldu-vátryggð hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf., og er ágreiningslaust, að stefndu beri skaðabótaábyrgð á slysinu, og ákvarðast bætur eftir skaðabótalögum nr. 50/1993.

Stefnandi leitaði aðstoðar málflutningsstofu, sem aflaði m. a. örorkumats Atla Þórs Ólasonar læknis. Að því mati fengnu var samin kröfugerð á hendur hinu stefnda félagi. Matsgerðin er dagsett 16. febrúar 1996, og segir í lokakafla hennar:

„... Áverki á vinstri framhandlegg var alvarlegastur. Bæði bein, ölnar-bein og sveifar-bein, brotnuðu. Gert var að brotinu með skurðaðgerð, þar sem sett var beinfesting, sem raunar brotnaði eftir um mánuð. Í mars 1995 þurfti að gera nýja aðgerð, þar sem bein greru ekki. Bein voru fyrst gróin í júlí 1995, og hófst þá þjálfunarferli, sem stóð fram til áramóta. Síðan hefur Svavar notað höndina í vaxandi mæli, en hefur enn mikil álagsþægindi og er umtalsvert hamlaður til starfa. Hann hefur minnkaða hreyfingu í vinstri olnboga og úlnlið, og umtalsverð rýrnun er á vinstri framhandlegg.

Varanlegur miski er metinn 20%, 15% vegna vinstri framhandleggjar og

5% vegna skemmdar á húðtaug í andliti og brjóstsviða. Við mat á þjáningabótum er tekið mið af þeim tíma, þar til bein voru að fullu gróin.

Við mat á tímabundnu atvinnutjóni er talið, að Svavar hafi verið óvinnufær frá slysi til rúmlega miðs janúar 1996, þ. e. í 18 mánuði. Eftir það má gera ráð fyrir, að Svavar sé að hálfu leyti vinnufær næstu fjóra mánuði.

Varanlegt tekjutap Svavars byggist á því, að ekki má gera ráð fyrir, að hann nái fullum styrk í vinstri hönd, og ekki útséð um það, hvort hann muni starfa á sjó hér eftir. Þá er líklegt, að tekjur hans af starfi í landi, við létt og meðallétt störf, sem hann ætti að ráða við, séu lægri en hann hafði á sjó. Fjárskaði í heild er metinn 20%.

Hið stefnda tryggingafélag ákvað að una ekki framangreindu mati, þótt það innti af hendi „uppígreiðslur“ til stefnanda, og óskaði eftir áliti örorkunefndar. Hún skilaði álitsgerð 30. júlí 1996 og mat varanlegan miska stefnanda 20% og varanlega örorku 33%. Þá taldi örorkunefnd, að eftir 1. september 1995 hefði þess ekki verið að vænta, að stefndi fengi frekari bata, sem máli skipti, af afleiðingum slyssins en þá var orðinn.

Í fram lögðu vottorð Jóns Ingvars Ragnarssonar læknis, dags. 17. 10. 1996, segir:

„... Þótt undirritaður teldi, að Svavar gæti hafið léttari störf eftir skoðun 10. 7. 1995, var það ekki fyrr en fyrst í október 1995, sem hann reyndi léttari vinnu, en gafst upp. Ástæðan var verkur frá úlnlið og framhandlegg auk dofa og kraftleysis í hendi. Jafnvel vorið 1996 var hann við léttari vinnu í verksmiðju við mælaaflestur og slíkt, þar sem hann taldi sig ekki vera færan til stóráta. Það var mat undirritaðs, að hluti af óþægindum Svavars stafaði af málmfestingunum, sem voru síðan fjarlægðar í aðgerð 23. 7. 1996. Samkvæmt síðustu skoðun 20. 9. 1996 taldi Svavar, að þetta hefði orðið sér til bóta að því leyti, að hann var ekki lengur eins viðkvæmur yfir framhandleggnum og áður, en úlnliðsþægindin voru áfram svipuð.“

Lögmaður stefnanda sendi hinu stefnda tryggingafélagi, VÍS, kröfubréf, dags. 21. ágúst 1996. Hljóðaði krafan um greiðslu 9.128.845 kr. vegna óbættis tjóns, þar af 2.745.947 kr. vegna tímabundins atvinnutjóns frá 18. 10. 1994 til 1. 7. 1996.

Kröfugerðinni svaraði VÍS með símbréfi 23. sama mánaðar með tillögu að uppgjöri um bætur, samtals að fjárhæð 11.074.316 kr., en vegna þess, sem áður hefði verið greitt, 2.894.147 kr., næmi óbætt tjón 8.180.169 krónum. Í fylgiskjali er gert ráð fyrir tekjutjóni, að fjárhæð 4.768.957 kr., fyrir tímabilið frá 18. 10. 1994 til 17. 6. 1996, sem að frádregnum dagpeningum Tryggingastofnunar ríkisins og innborgunum VÍS leiddi til þess, að óbætt tímabundið tekjutjón næmi 1.678.077 kr.

Framangreindri tillögu svaraði lögmaður stefnanda með bréfi, dags. 26. ágúst 1996, þar sem tekið er fram, að stefnandi geti ekki fallist á þær óbreyttar. Var tímabundið atvinnutjón talið vanáætlað um 1.237.650 kr., og að auki væru miskabætur of lágar og sömuleiðis innheimtuþóknun.

Í bréfi VÍS, dags. 29. ágúst 1996, til lögmanns stefnanda er vísað til þess, að fyrri hugmynd félagsins um uppgjör hafi verið hafnað, og teldi það sig því ekki vera bundið af fyrri hugmynd sinni um uppgjör tjónsins. Tímabundið atvinnutjón var nú reiknað til 1. september 1995 í samræmi við það mat örorkunefndar, að eftir þann tíma væri þess ekki að vænta, að stefnandi næði frekari bata eftir slysið. Lögmaður stefnanda setti fram mótmæli við hinni nýju uppgjörshugmynd tryggingafélagsins með bréfi, dags. 30. ágúst 1996, og taldi félagið bundið við fyrra boð. Samkvæmt henni nam tímabundið atvinnutjón 2.171.827 krónum samkvæmt upplýsingum vinnuveitanda, en að frádregnum dagpeningum Tryggingastofnunar ríkisins, 196.733 krónum, var óbætt tjón að þessu leyti talið nema 1.975.094 krónum. Heildarbætur, sem veitt var viðtaka 2. 9. 1996 „með fyrirvara um alla þætti uppgjörins“, námu 8.532.626 kr., en að frádregnum innborgunum, að fjárhæð 2.894.147 kr., og að viðbættum vöxtum, þóknun lögmanns, 163.470 kr., og vsk. af þeirri þóknun, 40.050 kr., nam fjárhæðin samtals 6.074.357 krónum.

3. Krafa stefnanda sundurliðast þannig: 1) Vanbætt tímabundið atvinnutjón 2.974.017 kr. 2) Tjón vegna tapaðra lífeyrisréttinda 349.470 kr. 3) Vanreiknaðir vextir 38.547 kr. 4) Vanreiknuð þóknun lögmanns 166.746 kr.

Um tl. 1.

Stefnandi hafnar því, að í niðurstöðum örorkunefndar felist mat á tímabundnu tjóni, en samkvæmt 10. gr. skaðabótalaga segi nefndin eingöngu álit sitt á miska- og örorkustigi. Vísað er til læknisvottorða, einkum vottorðs Jóns Ingvars Ragnarssonar, dags. 26. maí 1996, þar sem fram komi, að við skoðun 1. desember 1995 megi enn greina brotasprungur í framhandlegg stefnanda, og enn fremur, að hann virðist hafa eymsli frá málmfestingum, sem héldu brotinu saman. Síðan segir: „Undirritaður taldi vart þorandi að fjarlægja þær, þar sem brot virtist ekki fullgróið samkvæmt röntgenmynd. Undirritaður skoðaði Svavar síðast 30. 4. 1996. Svavar var óhress með ástand handarinnar, taldi sig alls ófæran um að vinna sem sjómaður vegna verkja um úlnlið og framhandlegg við álag. Skoðun var óbreytt miðað við skoðun 1. 12. 1995, eins og lýst er að ofan. Á röntgenmynd voru brotin talin gróin, plötur og skrúfur heilar.“ Brot í framhandlegg hafi fyrst virst gróin í lok apríl 1996, en ástand að öðru leyti óbreytt. Hinn 22. júlí 1996 hafi stefnandi lagst inn á bæklunardeild FSA og tekinn í aðgerð degi síðar og allar

málmfestingar í handlegg fjarlægðar. Var stefnandi nokkrar vikur að ná sér eftir þá aðgerð. Það hafi ekki verið fyrr en með mati örorkunefndar, dags. 30. júlí 1996, sem því hafi verið lýst, að stefnandi færi ekki aftur til sjómannsstarfa. Þá loks hafi hann vitað, að ekki væri að vænta frekari bata. Í framhaldi þess hafi hann skráð sig atvinnulausan og farið að leita sér vinnu í landi. Stefnandi telur sig því eiga rétt á bótum vegna tímabundins atvinnutjóns frá slysdegi fram til júliloka 1996. Hið stefnda tryggingafélag hafi viðurkennt tímabundið tjón stefnanda allt til þess tíma með því að inna af hendi greiðslur fram í júlí 1996 samkvæmt upplýsingum vinnuveitanda um tekjutjón stefnanda. Frá þeirri fjárhæð, sem þannig hafi verið fundin, hafi verið haldið eftir ákveðinni upphæð til ráðstöfunar upp í staðgreiðslu skatta. Samkvæmt upplýsingum vinnuveitanda hafi tekjutjón stefnanda umrætt tímabil numið 6.064.897 krónum. Stefndi, VÍS, hafi greitt stefnanda samtals 2.894.147 kr. upp í tímabundið tjón, og frá Tryggingastofnun ríkisins hafi hann fengið dagpeninga, að fjárhæð 196.733 kr. Óbætt tímabundið tjón nemi því 2.974.017 krónum. Þá er bent á, að samkvæmt upplýsingum vinnuveitanda hafi atvinnutjón stefnanda tímabilið frá 18. október 1994 til 1. september 1995 numið 2.272.824 kr., en ekki 2.171.827 kr., eins og við sé miðað við uppgjör af hálfu hins stefnda félags.

Um tl. 2.

Við ákvörðun á tímabundnu atvinnutjóni beri að líta til brúttótekna stefnanda, og beri að telja með bæði framlag vinnuveitanda og launþega til lífeyrissjóðs. Stefndi sleppi hins vegar mótframlagi vinnuveitanda, 349.470 kr., er hann ákvarði bætur til stefnanda vegna tímabundins atvinnutjóns.

Um tl. 3.

Samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga beri bætur fyrir þjáningar, varanlegan miska og örorku 2% vexti á ári. Við uppgjörið 1. september 1996 hafi stefndi reiknað vexti af 5.638.479 kr. Samtala framangreindra bóталиða nemi hins vegar 6.557.532 kr., og 2% vextir og vaxtavextir af henni geri frá slysdegi til uppgjörsdags 270.905 kr. Stefndi hafi greitt í vexti 232.358 kr. og því vantalið vexti um 38.547 kr.

Um tl. 4.

Stefnandi hafi greitt lögmanni sínum í þóknun 452.707 kr. og 110.913 kr. vegna virðisaukaskatts, sem eru innheimtuþóknun lögmanns samkvæmt gjaldskrá að viðbættu 30% álagi. Með vísan til Hrd. 1995, bls. 2456, geri stefnandi ekki kröfu um, að stefndi greiði 30% álagið, heldur miðar hann eingöngu við, að þóknun reiknist af höfuðstól án vaxta. Samtals hafi stefndi, VÍS, greitt stefnanda bætur, að höfuðstól 8.532.626 kr. Innheimtu-

þóknun án álags sé 370.266 kr. að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Stefndi hafi greitt stefnanda 203.520 kr. vegna lögmannsþóknunar og virðisaukaskatts, og samkvæmt því nemi skuldin 166.746 krónum.

4. Sýknukrafa stefndu er reist á því, að með þegar uppgerðum skaðabótum hafi stefnandi fengið fullar bætur samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993.

Vísað er til þess, að örorkunefnd hafi metið sérstaklega, að ekki sé að vænta frekari bata hjá stefnanda eftir 1. september 1995. Það mat sé í samræmi við það, sem fram komi í vottorði Jóns Ingvars Ragnarssonar læknis frá 17. október 1996, sem síðar verður frá greint. Samkvæmt 2. gr. skaðabótalaga beri að ákvarða bætur fyrir tímabundið atvinnutjón frá slysdegi til þess tíma, er tjónþoli geti hafið vinnu að nýju, eða þar til ekki sé að vænta frekari bata. Af þessum tímaviðmiðunum beri að miða við þá, sem nær liggi slysdegi.

Ekki fái staðist, að stefndi sé bundinn við hina fyrri hugmynd sína að bótauppgjöri, enda hafi stefnandi hafnað henni, en auk þess ekki verið um endanlegt og bindandi tilboð að ræða.

Einnig sé rangt, að stefndi hafi ráðstafað „uppígreiðslum“ inn á tímabundið atvinnutjón stefnanda allt fram í júlí 1996 og þannig viðurkennt það tjón allt til þess tíma. Greiðslurnar hafi verið merktar á bótakvittunum sem „uppígreiðslur“ án frekari tilgreiningar, og því hafi verið rétt við lokauppgjör að ráðstafa innborgunum umfram tímabundið tjón til frádráttar öðrum bótalíðum. Einnig sé rangt, að stefndi hafi við innágreiðslur haldið eftir upphæðum til ráðstöfunar upp í staðgreiðslu skatta.

Að lokum segir í greinargerð, að bótauppgjörið hafi verið í takt við ákvæði skaðabótalaga miðað við tekjur stefnanda síðustu tólf mánuði fyrir slys og bætt ofan á 6% framlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð. Af óbættu tjóni hafi verið reiknaðir 2% vextir og vaxtavextir og greidd þóknun lögmanns á hefðbundinn hátt.

5. Samkvæmt 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 skal ákveða bætur fyrir atvinnutjón fyrir tímann, frá því að tjón varð, þangað til tjónþoli getur hafið vinnu að nýju eða þar til ekki er að vænta frekari bata. Ákvæðið þykir bera að skýra þannig, að miða skuli við hið fyrra framangreindra tímamarka, falli þau ekki saman. Í 10. gr. sömu laga er kveðið á um örorkunefnd, sem veiti álit um ákvörðun miskastigs og örorkustigs, og með heimild í henni var sett reglugerð nr. 335 frá 16. ágúst 1993 um starfsháttu örorkunefndar. Í 1. gr. hennar segir: „... Í áliti nefndarinnar skal að jafnaði koma fram, hvernær nefndin telur, að tjónþoli hafi ekki getað vænst frekari bata af afleiðingum líkamstjóns, sbr. 2. og 3. gr. laganna.“ Telja verður, að afmörkun

þessa tímamarks hljóti eðli máls samkvæmt að fylgja ákvörðun um miska-
stig og örorkustig. Álit nefndarinnar, sem um ræðir í málinu, styðst enn
fremur við vottorð Jóns Ingvars Ragnarssonar læknis frá 17. október 1996,
en þar segir: „... Miðað við síðustu skoðun 20. 9. 1996 virðist mega segja,
að Svavar hafi fengið nokkurn bata af síðustu aðgerð og þannig megi í
heild segja, að um nokkurn bata hafi verið að ræða allt fram á þennan dag.
Stórstígar framfarir hafa þó ekki orðið sl. tólf mánuði eða svo, eða með
öðrum orðum hafa ekki orðið á þessum tíma neinar umtalsverðar breyting-
ar á bata Svavars, hvað varðar líðan eða starfsgetu hans.“

Samkvæmt þessu er fallist á uppgjör stefnda, Vátryggingafélags Íslands
hf., á tímabundnu atvinnutjóni stefnanda að því undanskildu, að það er
vantið um 100.997 kr. (sbr. dskj. nr. 3, 3 D og 3 J). Er ekki fallist á, að
stefndi hafi viðurkennt tímabundið tjón stefnanda allt fram í júlí 1996 með
greiðslum sínum, þar sem þær voru merktar á bótakvittunum sem „uppí-
greiðslur“ án frekari tilgreiningar. Þá er ekki fallist á, að stefndi sé bundinn
við hina fyrri hugmynd sína eða tillögu að bótauppgjöri. Henni var hafnað
af stefnanda, og getur hann ekki eftir það haldið tilteknum hlutum hennar.

Við bótauppgjör stefnda, Vátryggingafélags Íslands hf., var ekki reiknað
með 6% af fjárhæð tímabundins atvinnutjóns sem framlagi vinnuveitanda í
lífeyrissjóð. Í málflutningi lýsti lögmaður stefndu yfir, að fallist væri á
greiðsluskyldu að þessu leyti „af réttir fjárhæð“. Reikna ber af höfuðstól-
um 2.272.824 kr. (2.171.827 + 100.997), og nemur hin vangreidda fjárhæð því
136.369 krónum.

Við bótauppgjörið var reiknað með 2% vöxtum og vaxtavöxtum af
óbættu tjóni. Krafa stefnanda vegna vanreiknaðra vaxta grundvallast á því,
að ekki beri að taka tillit til 919.053 kr., sem hið stefnda tryggingafélag
hafði greitt stefnanda umfram óbætt tímabundið tekjutjón. Beri því að
hækka höfuðstól til útreiknings vaxtanna um þá fjárhæð. Á þetta er ekki
fallist, og vísast um það til þess, sem áður er fram komið.

Stefndu eru ekki bundnir af þeirri fjárhæð innheimtupóknunar, sem
stefnandi greiddi lögmanni sínum, eða þeim samningi þeirra á milli, sem
liggja mun umkrafinni fjárhæð til grundvallar. Að mati dómsins er sú fjár-
hæð innheimtupóknunar, sem stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. hefur
greitt stefnanda, hæfileg.

Samkvæmt framangreindu ber að dæma stefndu óskipt til að greiða
stefnanda 237.366 krónur (100.997 + 136.369) ásamt dráttarvöxtum sam-
kvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. september 1996 til greiðsludags.
Einnig greiði stefndu málskostnað, sem ákveðst alls 110.000 krónur.

Mál þetta dæmir Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Vátryggingafélag Íslands hf. og Haraldur Dean Nelson, greiði óskipt stefnanda, Svavari Jóni Gunnarssyni, 237.366 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. september 1996 til greiðsludags og 110.000 krónur í málskostnað.
